

# Foreldrahandbók Krógabóls



Heilsuleikskólinn Krógaból  
Bugðusíðu 3  
sími 462-7060  
Netfang: [annar@akmennt.is](mailto:annar@akmennt.is)  
Veffang: [www.krogabol.karellen.is](http://www.krogabol.karellen.is)

## Ágætu foreldrar

Um leið og við viljum bjóða barnið ykkar og ykkur velkomin í leikskólann, viljum við gefa ykkur upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir foreldra að vita.

## Saga Krógabóls

Sumarið 1994 var leikskólinn Krógaból stækkaður og leikskólinn Sunnuból sameinaður Krógabóli. Leikskólinn Krógaból var í fyrstu rekinn af foreldrum. Hann tók til starfa 19. júní 1986 að Löngumýri 16.

Í ágúst 1989 flutti leikskólinn í Glerárkirkju í hluta af núverandi húsnæði og voru þar 24 rými. Akureyrarbær tók síðan við rekstrinum tæpu ári seinna og fjöldi barna hélst svipaður.

Sunnuból tók til starfa 1. júní 1988 í einbýlishúsi að Sunnuhlíð 15, þar voru 25 börn allan daginn.

Krógaból og Sunnuból sameinuðust í byrjun ágúst 1994. Varð þá leikskólinn með rými fyrir allt að 72 börn.

Krógaból stækkaði síðan enn og aftur 3. september 2001 úr 72 rýmum í 99 rými og varð þá fimm deilda leikskóli.

## Dvalartími

Leikskólinn er opinn frá kl. 07:45 - 16:15.

Dvalartímar leikskólans eru:

4 klst. 09:00-13:00

5 klst. 08:00-13:00

6 klst. 08:00/09:00-14:00

7 klst. 09:00-16:00/08:00-15:00

8 klst. 08:00-16:00

Foreldrar geta keypt hálf tímagjald sem er 15 mín. fyrir vistunartímann og 15 mín. eftir að dvalartíma lýkur.

Mikilvægt er að foreldrar virði dvalartíma barnsins.

## Deildaskipting

Krógaból er fimm deilda leikskóli og geta börnin byrjað um 2ja ára aldur í leikskólanum og verið fram á haustið sem þau byrja í grunnskóla.

Deildaskipting Krógabóls  
Hreiðrið 18 mán-2 ára börn  
Spóinn 2-3 ára börn  
Lóan 3-4 ára  
Öspi og Björkin 4-5 ára börn

## Leikskólagjöld

Leikskólagjöld ber að greiða fyrir 15. hvers mánaðar og eru þau innheimt með heimsendum gíróseðlum. Ef leikskólagjöld eru ekki greidd innan tveggja mánaða fá foreldrar sent ítrekunarbréf. Beri þetta engan árangur er skuldin send til lögfræðings til innheimtu og í kjölfarið fylgir uppsögn á leikskólaplássi barnsins

## Yfirstjórn og ráðgjöf

### Fræðsluráð

Fræðsluráð fer í umboði bæjarstjórnar Akureyrar með stjórn skólamála bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn lætur þau mál til sín taka. Fræðsluráð er kosin af bæjarstjórn. Fræðslustjóri og rekstrarstjóri Fræðslusviðs sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Einn fulltrúi foreldra, tilnefndur á sameiginlegum fundi fulltrúa foreldrafélaga frá hverjum leikskóla, og einn fulltrúi starfsmanna leikskóla hafa jafnframt rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Fræðsluráð mótar stefnu bæjarins í skólamállum.

### Fræðslusvið Akureyrarbæjar

Fræðslusvið hefur umsjón með rekstri og starfsmannahaldi grunnskóla, leikskóla og Tónlistarskólans. Fræðslusvið veitir allar almennar upplýsingar um skólastarf á Akureyri, tekur á móti erindum vegna skólamála og fylgir eftir samþykktum fræðsluráðs.

Fræðslustjóri er Karl Frímansson s: 4601456, netfang: [karl@akureyri.is](mailto:karl@akureyri.is)

Verkefnastjóri leikskóla er ráðgjafi vegna reksturs, starfsmannahalds, þróunarverkefna og sameiginlegra málefna leikskóla.

Verkefnastjóri er Erna Rós Ingvarsdóttir s: 4601452, netfang: [ernaros@akureyri.is](mailto:ernaros@akureyri.is)

Leikskólaráðgjafi veitir almenna ráðgjöf, heldur utan um biðlastann og sér um innritun barna í leikskóla Akureyrar.

Leikskólaráðgjafi er Sesselja Sigurðardóttir s: 4601453, netfang: [sesselja@akureyri.is](mailto:sesselja@akureyri.is)

Leikskólaráðgjafi vegna sérkennslubarna er staðsettur á Fræðslusviði, hann annast faglega ráðgjöf við sérkennslustjóra og aðra kennara leikskóla, vegna barna sem þurfa á sérkennslu að halda. Leikskólaráðgjafi v/ sérkennslubarna er Elva Haraldsdóttir, netfang: [elva@akureyri.is](mailto:elva@akureyri.is)

Fræðslusvið sími: 460-1455

## Leikskólaráðgjöf og sérfræðiþjónusta

Akureyrarbær er með samning við Háskólann á Akureyri um að hann veiti stofnanaráðgjöf til leikskólanna að beiðni skólastjóra.

## Lög um leikskóla

Leikskólinn Krógaból starfar samkvæmt lögum fyrir leikskóla frá 2009.

1.gr. Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Er þá miðað við 1. september það ár sem börnin verða 6 ára. Leikskóli annast í samræmi við lög þessi að ósk foreldra uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í leikskólauppeldi.

3.gr. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Það gættir þess að farið sé eftir ákvæðum sem lög þessi og reglugerð með þeim mæla fyrir um, sbr. 6. gr.

4.gr. Menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla, sinnir þróunar- og tilraunastarfi og mati á uppeldisstarfi leikskóla og er stjórnendum þeirra til ráðuneytis um starfsemina.

Uppeldisstefnan er fagleg stefnumörkun. Þar skal kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans, gildi leiksins og meginstefnu varðandi starfshætti og innra gæðamat.

Menntamálaráðuneytið hefur uppeldisstefnu leikskóla stöðugt til endurskoðunar, sér um útgáfu hennar og breytingar þegar þörf er talin á.

## Markmið leikskólustarfs II.kafli.

2. gr. Samkvæmt lögum þessum skal meginmarkmið með uppeldi í leikskóla vera:

- að veita börnum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði
- að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara, að kappkosta í samvinnu við heimilin
- að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna
- að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

### Starfsfólk leikskóla V.kafli.

12.gr.Við hvern leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi leikskólans í umboði rekstraraðila eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerð er sett verður samkvæmt þeim. Leikskólastjóri og það starfslið er annast uppeldi og menntun barna skal hafa menntun leikskólakennara.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að gera áætlanir um uppeldisstarf leikskólans í samræmi við lög þessi. Leikskólastjóri skal árlega gera rekstraraðila grein fyrir starfsemi leikskóla.

Sveitarstjórn setur starfsfólki leikskóla erindisbréf í samræmi við lög þessi og reglugerð er sett verður samkvæmt þeim.

### Vernd barna og ungmenna

Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna frá 1992 13 gr.

"Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum og ungmennum.

Hverjum, sem stöðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna og ungmenna og verður í starfa sínum var við óviðunandi misfellur á uppeldi og aðbúnaði barna eða ungmenna, er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Tilkynningarskylda gengur að þessu leyti framur ákvæðum laga um þagnarskyldu."

### Sýn og stefna Krógabóls



Sýn Krógabóls er að efla  
siðferðisvitund barna og fullorðinna  
í þeim tilgangi að verða bæði góð og  
fróð manneskja

**Krógaból er heilsuleikskóli sem leggur áherslu á lífsleikni, hreyfingu, málrækt og sköpun í daglegu starfi.**

**Unnið er eftir námskrá Krógabóls sem byggir á Aðalnámskrá leikskóla.**

Í námskrá Krógabóls er unnið út frá ákveðnum hornsteinum þ.e. heilsu, lífsleikni, málrækt og sköpun. Inn í þessa fjóra þætti fléttast námssvið Aðalnámskrár leikskóla: læsi, heilbrigði og vellíðan, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun og sjálfbærni.

Stefna Krógabóls er að börnin tileinki sér lífsleikni í gegnum allt nám leikskólans. Lífsleikni byggist á alhliða þroska, færni til samskipta og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Lögð er áhersla á að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á hreyfingu, næringu og lífsgleði í leik og starfi.

Námsleiðir í leikskóla eru fjölbreyttar en leikurinn er aðalnámsleiðin og sú sem lögð er mest áhersla á. Í gegnum leikinn öðlast börn reynslu, auka við þekkingu sína, læra að eiga samskipti hvert við annað og ráða fram úr ágreiningsefnum. Samhliða leiknum gefast mörg tækifæri til náms í gegnum daglegt starf.

### **Markmið Krógabóls**

- Að börn, foreldrar og kennarar séu ánægðir og líði vel í leikskólanum.
- Að efla jákvæða sjálfsvitund, sjálfstraust og sjálfsmynd barnanna þannig að þau verði sjálfstæðir einstaklingar.
- Að börnin öðlist skilning á tilfinningum sínum og annarra, sýni samkennd og beri virðingu fyrir umhverfi sínu.
- Að siðferðisvitund barna eflist í þeim tilgangi að þau verði bæði góð og fród.
- Að gott samstarf, traust og gagnkvæm virðing skapist milli heimilis og skóla.
- Að bjóða upp á fjölbreytt skapandi nám sem efli alhliða þroska barnsins, vekji með því forvitni og örvi hugmyndaflug þess.

Starfið í Krógabóli skiptist í tvær annir, vetrarstarf og sumarstarf. Vetrarstarfið er frá 15. september til 15. maí. Á þessum tíma er unnið eftir ákveðnu þema. Vetrarstarfið skiptist upp í hópastarf, val og útiveru. Vetrarstarfinu lýkur með leik -og myndlistasýningu fyrir foreldra á vorin.

Á sumrin er lögð áhersla á útiveru, hreyfingu og grenndarkennslu.

Námskrá Krógabóls byggir á *Aðalnámskrá leikskóla* og á starfsreynslu, lífsviðhorfi og faglegri þekkingu kennarans.

Í námskránni kemur fram sýn og stefna leikskólans ásamt markmiðum og leiðum fyrir hvert námssvið.

Námskrá Krógabóls er á heimasíðu leikskólans: [krogabol.is](http://krogabol.is)

## Námsleiðir



### Lífsleikni í leikskóla

Lífsleikni byggist á að börnin verði sjálfstæðir einstaklingar og öðlist trú á eigin getu. Að börnin tileinki sér innri aga, séu fær um að sýna kurteisni og samkennd og temji sér virðingu fyrir umhverfi sínu.

Að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar eins og gleði, sorg og reiði og læri að hafa taumhald á þeim.

### Hreyfing og næring

Að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan barna.

Líðan, heilsa og heilbrigði barna hefur áhrif á getu þeirra til að læra og þroskast á jákvæðan hátt.

Heilbrigði nær yfir líkamlega, andlega og félagslega vellíðan.

Hreyfing og hollusta er mikilvægur þáttur í námi leikskólans.

### Málörvun og leikskólalæsi

Málrækt er samofin daglegu starfi leikskólans, unnið er með ýmis verkefni sem miða að því að auka skilning og hæfni barna til að tjá sig og koma hugmyndum sínum á framfæri. Lögð er áhersla á að flétta samræðu, tjáningu, hlustun, ritun og lestur inn í leik og daglegt starf.

Auka færni barna á íslenskri tungu, vekja áhuga þeirra á bókum og kenna þeim að vera læs á umhverfi sitt.

Námið er miðað að aldri og þroska barna og lagt upp úr að námið fari fram í gegnum leik.

### Leikurinn

Leikur er nám. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barna. Í gegnum leikinn öðlast börnin fjölbáætta reynslu, þau skynja nýjar tilfinningar, nýjar upplifanir, efla samskipti sín á milli og öðlast færni til að ráða fram úr sínum ágreiningsefnum.

Leikurinn býður upp á tækifæri til að efla alhliða þroska barnanna s.s. málþroska, félagsþroska, siðgæðisþroska og hreyfiþroska.

## Leikurinn er aðalnámsleið leikskólans

### Markmið með hópastarfi

Að stuðla að samheldni og ábyrgðarkennd barnanna gagnvart hvort öðru.

Að barnið myndi tengsl við jafningja sína og læri að vinna saman í hóp.

Að barnið læri smátt og smátt að vinna út frá ákveðnum fyrirmælum.

Hópastarf auðveldar hverjum hópstjóra að fylgjast náið með sínum hópi og þroska hvers barns.

### Hópastarf

Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska og eru 5 - 10 börn í hverjum hópi. Hver hópur fer minnst einu sinni í viku í hópastarf. Sömu börnin og sami hópstjóri vinna saman allan veturinn og ber hver hópstjóri ábyrgð á sínum hópi. Í hópastarfi vinna börnin að ákveðnu þema. Þau nálgast það með ýmsum hætti t.d. með vettvangsferðum, listsköpun, tjáningu, tónlist o.fl.

### Elstu barna starf

Elstu börnin vinna ákveðin verkefni sem miðast m.a við að þjálfa félagslega færni, einbeitingu, samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð.

Krógaból er í samstarfi við Síðuskóla, samstarfið felst m.a. í því að leikskólabörnin fara í heimsókn í skólastofuna, íþróttahúsið, bókasafnið og frístund. Einnig koma grunnskólabörnin í heimsókn í leikskólann.

### Hreyfing


Öll börn fara í skipulagða hreyfingu í sal í hverri viku og einnig fer hver deild í gönguferð einu sinni í viku þar sem markmiðið er að efla þol og hreyfifærni barnanna.



### Samverustundir

Í samverustundum gefst börnum og kennara tækifæri til að vera saman, lesa, syngja og spjalla. Þar eiga allir notalega stund í ró og næði og kostur gefst á að ræða saman um það sem áhuga vekur hverju sinni svo sem daglegt líf barnanna.





## Útivera

Útivera er holl öllum heilbrigðum börnum. Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem frjálsum leik, grófhreyfingum og sköpun er gert hátt undir höfði. Íslensk veðráttta er oft rysjótt og umhleypingarsöm þess vegna er öllum íslenskum börnum hollt að venjast veðráttunni eins og hún er og því mikilvægt að klæða sig eftir því.



## Matartímar

Leikskólinn leggur áherslu á að börnin fái hollan og næringarríkan mat úr sem flestum fæðuflokkum og að notað sé sem minnst af harðri fitu, sykri og salti í matargerðinni. Lögð er áhersla á að auka grænmetis- og ávaxtaneyslu barnanna og vatn skal vera aðgengilegt fyrir börnin. Við samsetningu matseðla skal tekið mið af markmiðum Lýðheilsustöðvar varðandi næringu barna. Matartíminn er hluti af námi barnsins í leikskólanum og er áhersla lögð á að fræða börnin um mikilvægi þess að borða hollan og góðan mat.

## Hefðir Krógabóls



### Uppákomur

Nokkra daga á skólaárinu gerum við okkur dagamun og erum með ýmsar uppákomur t.d. söngstund, vinastund, leikfangadag, náttfatadag, nestisdag, málningardag, rugludag o.fl. Söngstund er sameiginleg með öllum í leikskólanum þar eru fyrirfram ákveðin lög sungin og farið með þulur.

Vinastund er einnig sameiginleg, þar sýna börnin eða kennarar leiksýningar sem gjarnan tengjast dygðum leikskólans.

Leikfangadagar eru tvisvar á ári þá mega börnin koma með leikfang í leikskólann og tvo til þrjá fylgihluti (hávær leikföng eru ekki leyfð). Leikskólinn tekur ekki ábyrgð á leikföngum barnanna.

### Afmæli

Á Krógabóli heldur hver deild upp á afmæli barnsins með því að afmælisbarnið fær t.d. að vera borðstjóri, velja lög í söngstund, velja leiki, fær kort með afmælismyndum o.fl. Barnið má koma með bók eða geisladisk.

### Jólaball

Jólaball Krógabóls er haldið í Safnaðarsal Gleráarkirkju rétt fyrir jólin. Foreldrafélagið sér um og skippuleggur jólaballið.

### Öskudagur

Haldið er upp á öskudag með ýmsu móti, börn og kennarar koma í búningum, kötturinn er sleginn úr tunninni og í lok dagsins er með ball.

### Þorablót

Þorablót er haldið á Krógabóli á þorranum, oftast á bóndadaginn. Boðið er upp á hefðbundinn þorramat, þorralög sungin o.fl.

### Vorhátíð

Foreldrafélagið heldur í samstarfi við kennara leikskólans vorhátíð í maí/júní. Vorhátíðin er oftast haldin í Krógabóli. Pylsur eru grillaðar, farið í leiki, sungið o.fl.

## Foreldrasamvinna

### Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að góð samvinna takist við upphaf skólagöngu milli foreldra barnsins og kennara leikskólans þar sem gagnkvæm samvinna og trúnaður þeirra á milli er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum.

Daglegar upplýsingar um barnið heima eða í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft veldur lítið atvik, hvort sem er í leikskólanum eða heima, því að hegðun barnsins er ekki söm og áður.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann. Foreldrar geta hvenær sem er hringt í leikskólann til þess að spyrjast fyrir um líðan barnsins. Einnig munu kennarar leikskólans hringja ef eitthvað sérstakt kemur upp.

Ávallt skal látið vita um komu barns í leikskóla og brottför þess.

Foreldrar eiga að láta vita ef einhver ókunnugur sækir eða kemur með barnið í leikskólann, en viðkomandi þarf að vera a.m.k. 12 ára.

Einnig biðjum við foreldra að sýna varkárni á bílplaninu, slökkva á bílunum og loka hliðinu á eftir sér.

### Foreldrasamtöl

Allir foreldrar eru boðaðir í samtál við deildarstjóra áður en barnið byrjar í leikskólanum.

Foreldrar eru boðaðir í samtöl einu sinni á ári.

Bæði foreldrar og kennarar geta alltaf óskað eftir samtali ef þeir telja þörf á því.

Foreldrar 2 - 3 ára barna eru boðaðir í stutt samtál þremur til sex mánuðum eftir að barnið byrjar í leikskólanum

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu.

### Þátttökuaðlögun

Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og börn byggja upp þekkingu saman og staður námstækifæra. Barnið tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Í þeim anda er hin nýja aðlögun sem nefnd er þátttökuáðlögun. Hún byggist á því að ekki er verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum.

Þátttökuáðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýju aðstæðum á börnin sín. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlist þeir öryggi um dagskipulagið og það nám og starf sem fram fer í leikskólanum. Þeir kynnast kennurum öðrum börnum, foreldrum og starfinu í leikskólanum.

Foreldrar eru með börnunum í þrjá daga, fyrsta daginn frá kl. 9:00-11:30, annan daginn frá kl. 9:00-12:30 og þriðja daginn frá kl. 8:00-12:30. Foreldrarnir eru inni á deildinni og í útiveru með börnum, allan tímann. Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim,

gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Kennararnir eru virkir þátttakendur í aðlöguninni, þeir skipuleggja daginn og deila út verkefnum. Á fjórða degi koma börnin um morguninn og kveðja foreldrana, fljótlega. Einstaka börn þurfa að hafa foreldra sína með sér í fjóra daga en reynslan sýnir að þau eru fá.

### **Atferlisathuganir og skráningar**

Til að fylgjast með þroska hvers barns og samskiptum í leikskólanum, eru gerðar atferlisathuganir eða skráningar á barninu í leikskólanum. Þessar skráningar eru skráðar í bók sem heitir *Heilsubók barnsins*. Atferlisathuganir/skráningar eru til þess fallnar að athuga markvisst hvernig þroska barna og samskiptum innan deildar er háttað og eru þær fléttaðar inn í daglegt starf leikskólans.

Niðurstöður úr þeim atferlisathugunum/skráningum eru kynntar foreldrum í foreldrasamtölum. Allar skráðar upplýsingar um börnin eru geymdar sem trúnaðargögn í leikskólanum og síðar sent á Héraðsskjalasafn Akureyrar.

### **Sértækar athuganir**

Ef, af einhverjum ástæðum, talið er að gera þurfi sérstakar athuganir á barni t.d. vegna gruns um seinkaðan þroska, hvort heldur sem er andlegan, líkamlegan eða félagslegan, er foreldrum þess barns kynnt það sérstaklega og skrifleg heimild fengin til að gera þær athuganir sem þurfa þykir. Niðurstöður þeirra athugana eru síðan kynntar foreldrum barnsins aftur og með samþykki þeirra leitað leiða til að aðstoða það.

### **Upplýsingar til foreldra (forráðamanns)**

Leikskólinn er með kerfi sem heitir Karellen og er hægt að nálgast allar helstu upplýsingar um það á slóðinni [www.karellen.is](http://www.karellen.is). Aðgangur foreldra í innra kerfinu og appinu gefur yfirsýn og upplýsingar um dag barnsins í skólanum s.s. viðveruskráningar, máltíðarskráningar, svefnskráningar, matseðill vikunnar, viðburðardagatal, samtal milli foreldra og skólans, myndir af barninu o.fl. Foreldrar hafa möguleika á að skrá leyfi og veikindi barnsins í gegnum kerfið.

### **Foreldrakaffi**

Foreldrakaffi og afa og ömmukaffi er tvisvar á vetri. Börnin útbúa eitthvað góðgæti handa foreldrum og afa og ömmu.

### **Foreldrafélag Krógabóls**

Á Krógabóli er starfandi foreldrafélag og allir foreldrar/forráðamenn barna þar verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrafélagsgjald er innheimt með gíróseðli tvisvar á ári, í september og í mars.

Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að hausti. Þar eru rædd málefni foreldrafélagsins og stjórn þess endurnýjuð en í henni sitja 5 manns.

Mikilvægt er fyrir alla foreldra að mæta á aðalfundinn.

## Starfsreglur fyrir foreldrafélagið

- 1.gr. Félagið heitir Foreldrafélag Krógabóls.
- 2.gr. Allir foreldrar/forráðamenn barna eru félagar í foreldrafélaginu. Félagsgjöld eru ákveðin á aðalfundi.
- 3.gr. Tilgangur félagsins er að stuðla að velferð barna og starfsfólks á Krógabóli og styrkja samskipti foreldra/forráðamanna barnanna og starfsfólks sem þar starfar.
- 4.gr. Allir stjórnarfundir eru opnir félagsmönnum og þeim frjálst að koma með tillögur til stjórnar um fræðslufundi eða upplýsingar sem varða hina ýmsu þroskaþætti barna.
- 5.gr. Stjórn félagsins er kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnina skipa fimm menn. Þar af einn frá fyrri stjórn og tveir til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum. Fulltrúi kennara skal jafnan sitja stjórnarfundum. Stjórnin tilnefnir úr sínum hópi einn fulltrúa og einn til vara í stjórn Foreldra-samtakanna á Akureyri.
- 6.gr. Aðalfund félagsins skal haldinn að hausti. Stjórnarfundum skal halda í hverjum mánuði. Þá skal stjórnin standa fyrir a.m.k. tveim fræðslufundum og a.m.k. tveim uppákomum á ári. Óski félagsmaður eftir fundum er stjórninni skylt að boða til fundar. Aðalfund skal boða með viku fyrirvara.
- 7.gr. Starfsreglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi.

## Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla frá 2008 skal starfa foreldraráð við leikskóla. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Foreldraráð starfar með hagsmuni barnanna og foreldra þeirra að leiðarljósi og fylgist með því að hlúð sé að velferð og réttindum barnanna í leikskólastarfinu.

Foreldraráð fjallar um og veitir umsögn um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans og skulu stjórnendur leikskólans bera allar meiriháttar ákvarðanir um skólastarfið undir ráðið. Foreldraráð fylgist enn fremur með því að skólanámskrá og aðrar áætlanir séu kynntar fyrir foreldrum og hvernig þær eru framkvæmdar.

## Almennar upplýsingar

### Veikindi

Leikskólar eru ætlaðir heilbrigðum börnum. Veikist barnið skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa. Þegar barnið kemur aftur í leikskólann eftir veikindi á það að vera tilbúið til að taka þátt í öllu starfi leikskólans jafnt úti sem inni.

Í undantekningartilvikum getur barnið fengið að vera inni 1-2 daga. Með undantekningartilvikum er átt við langvarandi eða síendurtekin veikindi.

Í óvissu tilfellum er gott að hringja og ræða við deildarstjóra um þessar reglur. Sjálfsagt er að barnið fari síðast út og komi fyrst inn, þannig að útiveran er mjög stutt, fyrstu dagana eftir veikindi.

Ef óskað er lengri inniveru eftir veikindi þarf að biðja um það sérstaklega eða koma með vottorð frá lækni.

Ekki eru gefin lyf í leikskólanum nema að til komi vottorð frá lækni um að lyfjagjöf sé nauðsynleg þann tíma sem barnið dvelur í leikskólanum.

Ef lyfjagjöf er nauðsynleg í leikskólanum, þá er foreldrum/forráðamönnum skylt að afhenda deildarstjóra lyfið. Ekki skal vera nema vikuskammtur af lyfinu í vörslu leikskólans í einu og skal hann geymdur í læstri hirslu.

### **Klæðnaður**

Útbúnaður barnsins þarf alltaf að vera í samræmi við veðurfar. Nauðsynlegt er að barnið hafi meðferðis aukaföt og þann hlífðarfatnað til útiveru sem það hugsanlega þarf að nota hverju sinni. Mjög mikilvægt er að öll föt barnsins séu vel merkt.

Hólf barna þarf að tæma á föstudögum. Foreldrar eru vinsamlega beðnir að ganga vel frá fatnaði ofan í töskur í lok dagsins ef þær eru geymdar í leikskólanum yfir vikuna.

### **Óhöpp og slys/tryggingar**

Í stórum barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir höfum við strax samband við foreldra og ef barnið þarf að fara á slysadeild er ætlast til að foreldrar fari með það en ef þeir komast alls ekki fer kennari leikskólans með barnið í leigubíl. Athygli er vakin á því að Akureyrarbær greiðir fyrstu heimsókn á slysavarðstofu, en síðan foreldrar/forráðamenn, ef um fleiri heimsóknir er að ræða.

Við viljum benda foreldrum á að öll leikskólabörn hjá Akureyrarbæ eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum.

### **Breytingar/fjarvistir**

Nauðsynlegt er að tilkynna breytingar á högum og aðstæðum barnsins s.s. veikindi, fjarveru foreldra, nýtt heimilisfang eða símanúmer, námslok námsmanna og breytta hjúskaparstöðu.

Fæðisgjald er felld niður vegna fjarveru barns ef látið er vita um fjarveruna fyrirfram og ef fjarvera varir í einn mánuð samfelld.

Óski foreldrar eftir að barn taki frí í leikskólanum, utan sumarleyfis er það heimilt, enda greiðist fullt vistunargjald barnsins.

### **Skipulagsdagar**

Leikskólar Akureyrarbæjar loka 48 klukkustundir á ári vegna skipulagsdaga og starfsmannafunda. Mismunandi er eftir árum hvort leikskólinn lokar heilan eða hálfan dag. Þessir dagar eru auglýstir á skóladagatali leikskólans sem foreldrar fá afhent að hausti síðan er það vistað á heimsíðu leikskólans. Þessir dagar eru notaðir til starfsþróunnar kennara og til að undirbúa skólastarfið. Lokunardagar leikskólans eru einnig auglýstir með mánaðar fyrirvara á dagatali deilda.

Leikskólinn lokar í fjórar vikur samfelld á sumrin á tímabilinu frá 20. júní til 10. ágúst.

### Uppsagnarfrestur og breytingar

Uppsagnarfrestur á leikskólaplássi og breytingar á vistunartíma er einn mánuður og er miðað við 1. eða 15. hvers mánaðar. Skal uppsögn og breytingum komið til leikskólastjóra á þar til gerðum eyðublöðum sem eru í blaðarekka í fataherbergi eldri deilda og á heimasíðu leikskólans.

### Lokaorð

Ágætu foreldrar Að loknum lestri þessa bæklinga vakna eflaust margar spurningar um starfsemi leikskólans. Þar sem svona bæklingur getur aldrei orðið tæmandi hvetjum við foreldra til að spyrja og ræða við okkur um óljós atriði.

Með kærri kveðju og ósk um gott samstarf.

### Símaskrá

Skólastjóri	4627060
Öspin	4606222 - 6704410
Björkin	4606223 - 6496223
Spóinn	4606224 - 6704411
Lóan	4606225 - 6496224
Hreiðrið	4606226 - 6496226

Kennarar Krógabóls